

19. apríl 2006

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 4. apríl 2006 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum, 655. mál.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að það sé hluti af innleiðingarferli vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/71/EB um lýsingar þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og reglugerðar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2004/809 sem byggð er á grunni fyrrnefndrar tilskipunar. Í byrjun árs 2004 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að vinna að innleiðingu tilskipunarinnar og reglugerðar. Í lok árs 2004 lagði nefndin fram drög að frumvarpi sem síðar varð að lögum nr. 31/2005 um breytingar á lögum um verðbréfavíðskipti.

Um lög 31/2005 er það að segja að þau fela í sér viðamiklar breytingar á lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti. Með þeim voru innleiddar í verðbréfalögin þrjár tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins um markaðssvik, útboðs- og skráningarlýsingar og yfirtökur auk undirtilskipana framkvæmdastjórnarinnar um markaðssvik og útboðs- og skráningarlýsingar voru innleiddar að hluta. Það sem upp á vantaði við fulla innleiðingu tilskipananna var gert ráð fyrir að yrði innleitt í reglugerðum og reglum FME

Áðurnefnd nefnd hefur að undanfögnu unnið að gerð reglugerða um nánari framkvæmd laga 31/2005. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera nokkrar minni háttar breytingar á nokkrum greinum verðbréfalaganna og er sá tilgangur frumvarpsins.

Í þessu þingmáli eins og í þingmáli nr. 647 eru gerðar lagfæringar vegna laga nr. 31/2005 sem breyttu lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, eins og áður segir.

Frumvörpin fela ekki í sér neinar meiri háttar breytingar heldur lagfæringar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri